

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag lóðarinnar að Tangagötu 26, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 3. nóvember 2005 var samþykkt breyting á deiliskipulagi lóðarinnar að Tangagötu 26 á Ísafirði.

Breytingin felur í sér að heimilt verður að byggja bílgeymslu aftast á lóðinni, þó ekki nær lóðarmörkum að Sundstræti 41 en sem nemur 1,3 metrum.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag frá 16. október 1997 um lóðina að Tangagötu 26.

*Ísafirði, 20. desember 2005.*

**Stefán Brynjólfsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2006